

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58 7. maí 1946, um menntaskóla.

5
30. jan.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi ný málsg., svo hljóðandi:

Fræðslumálastjórn er og heimilt, ef ástæða þykir til, að halda uppi miðskólakennslu við menntaskólana í óskiptum bekkjardeildum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.

L Ö G

um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að nota allt að fjórum milljónum dollara af yfirdráttarheimild Íslands hjá Greiðslubandalagi Evrópu.

6
2. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Af yfirdráttarheimild þeirri, er Ísland hefur sem þátttakandi í Greiðslubandalagi Evrópu, að fjárhæð fimmtán milljónir dollara, heimilast ríkisstjórninni, ef hún telur nauðsynlegt, að nota allt að fjórum milljónum dollara á fjárhagsárum Greiðslubandalagsins 1952—53 og 1953—54.

Jafnóðum og heimildin er notuð, skal andvirðið í krónum greitt inn í sérstakan reikning í Landsbanka Íslands og því varið, þegar er gjaldeyrisástæður leyfa, til endurgreiðslu á yfirdráttarláninu, enda má ekki nota féð til annars.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Björn Ólafsson.